



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 143/177  
komudagur 8.11.2013

## Fyrir fund með Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

8. Nóvember 2013

### Staðreyndir:

- Frá árinu 2008 hafa fjárveitingar til HÍ dregist saman um 16% að raunvirði á sama tíma og ársverkum nemenda hefur fjölgað um 17%. Samt hefur háskólanum tekist með gríðarlegu aðhaldi að halda rekstri skólans innan ramma fjárveitinga. Ítrekuð dæmi eru um að ekki hafi tekist að ráða fólk í kennara- eða stjórnsýslustörf undanfarið vegna bágra kjara. **Um langtíma afleiðingar þess þarf ekki að fjölyrða.**
  - o Skv. rannsókn Cameron, Kim., og Smart, J. (1998) eru einkenni fjársveltra háskóla þessi:
    - Skammtímahugsun
    - Minnkun á nýsköpun
    - Íhaldsemi
    - Verri starfsandi
    - Harðari barátta innan skóla
    - Trúnaðarbrestur
    - Heft upplýsingaflæði
    - Minnkandi samvinna
- Verði ekki breyting á frumvarpinu stefnir í að 350 nemendur verði í námi við skólann þetta skólaárið án þess að fjárframlag fáiast fyrir þá. Þetta samsvarar um 200.m.kr. HÍ er eini skólinn sem hefur buið við þessar aðstæður svo árum skiptir.
- Aðeins 39 m.kr. af 180 m.kr. munu skila sér til Háskóla Íslands með hækkun skrásetningagjalda þar sem fjárveitingar til skólans eru skornar niður á móti.
- Í frumvarpinu er lagt til að dregið verði úr framlögum til Rannsóknarsjóða. Það mun því draga verulega úr umsvifum rannsókna við Háskóla Íslands. Minnkar möguleika ungs vísindafólks til þess að starfa við rannsóknir hér á landi og heftir það flæði fjármagns sem hefur verið til landsins í formi rannsóknarstyrkja.

### Bókun Háskólaráðs:

„Háskólaráð Háskóla Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af áframhaldandi samdrætti fjárveitinga til Háskóla Íslands sjötta árið í röð og niðurskurði á ráðagerðum framlögum til opinberra rannsóknarsjóða. Einkar mikilvægt er að standa vörð um árangur háskólans og tryggja að hann geti áfram lagt sitt af mörkum til þekkingarsköpunar í nýjum og eldri atvinnugreinum í þágu íslensks samfélags. Á nýjum matslista Times Higher Education World University Rankings kemur fram að



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur enn treyst stöðu sína á meðal hinna bestu í mikilli alþjóðlegri samkeppni, en nú er svo komið að erfitt mun verða að fylgja eftir slíkum árangri án aukinna fjárframlaga. Öflugur og traustur háskóli er grundvöllur framtíðar hagvaxtar á Íslandi eins og í öðrum löndum. Þeir háskólar sem bestum árangri ná eru í löndum þar sem fjárframlög hafa verið aukin markvisst til að styrkja samkeppnishæfni viðkomandi ríkja.“

## Umsögn SHÍ:

Stúdentaráð Háskóla Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014. Í frumvarpinu er lagt til að skrásetningargjald í opinbera háskóla verði hækkað úr 60.000 kr. í 75.000 kr.

Í fyrra hækkaði gjaldið úr 45.000 í 60.000 krónur og var þá það gert af illri nauðsyn. Því hefur gjaldið nánast tvöfaldast á þremur árum. Stúdentaráð er uggandi yfir þessari þróun því með þessum stöðugu hækkunum er óneitanlega vegið að jöfnum tækifærum til náms. Enn dekkri mynd blasir við þegar litið er til heildaraðstæðna stúdenta sem hafa mátt þola miklar skerðingar á lífskjörum sínum undanfarin ár. Hækkun skrásetningargjalds er enn ein aðförin að stúdentum og er Stúdentaráð Háskóla Íslands mótfallið þessari breytingu.

Skrásetningargjaldið er hluti af tekjum háskólans skv. fjárlögum og er ætlað að standa undir hluta kostnaðar við skrásetningu nemenda, nemendakerfi, upplýsingamiðlun og námsráðgjöf, skipulag kennslu og prófa, framlög til samtaka og stofnana stúdenta, skrifstofu kennslusviðs, þjónustu skrifstofu Alþjóðasamskipta, aðgang að bókasafni og lesaðstöðu, tölvum, prenturum o.fl., aðstöðu og stjórnun, Fjölís v/skönnunar á námsbókum og kostnaði vegna íþróttahúss.

Með hækkuninni er gert ráð fyrir viðbótatekjum um 180 millj. Kr. Stúdentaráð dregur það ekki í efa að ósk Háskóla Íslands um hækkun skrásetningargjaldsins sé á raunsönnum gögnum byggð og að um raunverulegan skort á fjármálum sé að ræða og að breytingin hafi verið vel rökstudd með tölulegum upplýsingum úr bókhaldi Háskóla Íslands.

Hins vegar gerir Stúdentaráð alvarlegar athugasemdir við þá staðreynd að stærsti hluti tekna vegna hækkunar gjaldsins mun ekki skila sér til Háskóla Íslands þar sem framlag ríkissjóðs lækkar um sömu fjárhæð á móti. Háskóli Íslands mun því aðeins halda eftir 39,2 m.kr. af hækkun ríkistekna af skrásetningargjaldinu. Það er algjör lágmarkskrafa að þeir fjármunir





Stúdentaráð Háskóla Íslands

sem eiga að koma inn af hækkun skrásetningargjalda skili sér til Háskólans. Það er ólíðandi að hækkun á skrásetningargjöldum sem er hreinn og beinn hækkaður útgjaldaliður stúdenta sé nýttur til að koma til móts við niðurskurð ríkisstjórnarinnar. Þannig eru námsmenn látnir gjalda fyrir að ekki sé forgangsraðað í þágu menntunar.

Nú hefur Háskóli Íslands þurft að þola niðurskurð sex ár í röð og hnífurinn margsinnis gengið inn að beini. Skólinn hefur þó, með mikilli hagsýni, alltaf haldið sér innan ramma fjárlaga en nú er svo komið að óhjákvæmilegt er að hagræða án þess að það bitni á gæðum námsins. Það er því algjört grundvallaratriði að tekjurnar sem koma inn við hækkunina nýtist til að efla gæði námsins og innviði skólans.

Sé ætlunin að hækka skrásetningargjöld, gerir Stúdentaráð Háskóla Íslands skýlausa kröfu um að þeir fjármunir sem eiga að koma til með hækkun skrásetningargjalda skili sér inn í þá liði sem þeim er ætlað að standa undir.

Það er dapurlegt að nú fimm árum eftir hrun, þegar loksins er farið að rofa til í efnahagslífinu og rekstri ríkisins, að nýir valdhafar ákveði að vega jafn harkalega að hagsmunum nemenda og raun ber vitni. Stúdentaráð harnar að ekki sé forgangsraðað í þágu menntamála - niðurskurður í menntamálum er niðurskurður í mannauði.